

Eftirlaunasjóður aldraðra
07 831

Ársreikningur 2024

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum	6
Skýringar	7

Eftirlaunasjóður aldraðra
Fjárlagaliðurinn er í umsjón
Tryggingastofnunar ríkisins
kt. 660269-2669
Hlíðarsmára 11, 201 Kópavogi

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Eftirlaunasjóður aldraðra er fjárlagaliður sem flokkast sem ríkisaðili í A1-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga um málefni aldraðra. Sjóðurinn greiðir lífeyri til þeirra sem fæddust árið 1915 eða fyrr og maka þeirra sem njóta lítilla eða engra réttinda úr lífeyrissjóði. Tryggingastofnun ríkisins ber ábyrgð á framkvæmd greiðslna sjóðsins.

Starfsemin fellur undir málefnasvið 28 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2024 var ársveltan kr. 14,4 milljónir og afkoma kr. 10,3 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 10,3 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 10,7 milljónir.

Starfsemin á árinu 2024 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2024. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2024 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Eftirlaunasjóðs aldraðra fyrir árið 2024 með rafrænni undirritun sinni.

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2024

	Skýr	2024	2023
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	14.400.000	14.400.000
Tekjur samtals		14.400.000	14.400.000
Gjöld			
Framlög og tilfærslur		3.155.290	3.600.178
Annar rekstrarkostnaður	3	956.830	257.631
Gjöld samtals		4.112.120	3.857.809
Afkoma ársins		10.287.880	10.542.191
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum	2		
Rekstur		43.170	742.369
Rekstrartilfærslur		10.244.710	9.799.822
		10.287.880	10.542.191

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr	31.12.2024	31.12.2023
Eignir			
Tengdir aðilar	4	9.147.755	9.851.759
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		1.589.554	1.589.554
Eignir samtals		<u>10.737.309</u>	<u>11.441.313</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	4	449.429	899.122
Skuldir samtals		<u>449.429</u>	<u>899.122</u>
Eignir samtals að frádregnum skuldum samtals		10.287.880	10.542.191
Eigið fé	5		
Hrein eign		10.287.880	10.542.191
Eigið fé samtals		<u>10.287.880</u>	<u>10.542.191</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>10.737.309</u>	<u>11.441.313</u>
Aðrar upplýsingar	6		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2024

	Skýr	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		10.287.880	10.542.191
		10.287.880	10.542.191
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		0	(91.417)
Tengdir aðilar		(10.287.880)	(10.450.774)
		(10.287.880)	(10.542.191)
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		0	0
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		0	0
Handbært fé í byrjun árs		0	0
Handbært fé í árslok		0	0

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Rekstrar- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2024	1.000.000	13.400.000	14.400.000
Fjárveiting ársins	1.000.000	13.400.000	14.400.000
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2023, (umframráðstafað)	742.369	9.799.822	10.542.191
Breyting fjárveitinga skv. ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	(742.369)	(9.799.822)	(10.542.191)
Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu	1.000.000	13.400.000	14.400.000
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum	(956.830)	(3.155.290)	(4.112.120)
Staða fjárveitinga í lok árs 2024	43.170	10.244.710	10.287.880

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Fjárheimildir ársins til rekstrar, rekstrartilfærslna og fjármagnstilfærslna eru færðar til tekna á árinu.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2024	2023
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	14.400.000	14.400.000

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	1.000.000	13.400.000	0	14.400.000
Fjárveiting til tekna	1.000.000	13.400.000	0	14.400.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .	(956.830)	(3.155.290)	0	(4.112.120)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	43.170	10.244.710	0	10.287.880

	2024	2023
3 Annar rekstrarkostnaður		
Kostnaðarhlutdeild	956.830	899.122
Hlutdeild annarra í kostnaði	0	(641.491)
Annar rekstrarkostnaður samtals	956.830	257.631
	31.12.2024	31.12.2023

4 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	9.147.755	9.851.759
	9.147.755	9.851.759

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við aðra ríkisaðila	449.429	899.122
	449.429	899.122

5 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	10.542.191	10.079.164
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	(10.542.191)	(10.079.164)
Afkoma ársins	10.287.880	10.542.191
Jöfnuður 31.12.	10.287.880	10.542.191

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Skýringar

6 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Engir skuldbindandi samningar hafa verið gerðir.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum í árslok 2024.

Veittar ábyrgðir

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.